

Reykjavík, 11.12.2013
1.4.1.1 / HS/AN

Hafnarfjarðarbær,
Skipulags- og byggingarsvið, b.t. Bjarka Jóhannessonar
Norðurhella 2,
221 Hafnarfjörður

Efni: Endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025. Umsögn Orkuveitu Reykjavíkur (OR)

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Hafnarfjarðar frá 11. nóvember 2013 þar sem óskað er umsagnar Orkuveitu Reykjavíkur um tillögu að endurskoðun Aðalskipulags Hafnarfjarðar 2005-2025.

Þróun byggðar

Orkuveita Reykjavíkur fagnar áherslum í fram kominni tillögu um að fjárfestingar í grunngerð sveitarfélagsins verði ekki hraðari en eftirspurn eftir lóðum á komandi skipulagstímabili sbr. bls. 87 í greinargerð með skipulagi.

Við skipulag nýrra svæða og breytingar á eldra skipulagi verði þess gætt að tryggja rými fyrir nauðsynleg veitukerfi, stofn- og dreifikerfi, þannig að þau anni eftirspurn. Varðandi áform í tillögu um þettingu byggðar vill OR benda á að við staðsetningu mannvirkja verði tekið tillit til legu stofnæða hitaveitu og þess gætt að skerða ekki möguleika til stækunar í framtíðinni.

Stefna um vatnsvernd og gæði neysluvatns


Í kafla 2.2.12 Óbyggð svæði í greinargerð kemur fram að uppland Hafnarfjarðar sé að nær öllu leyti skilgreint sem óbyggt svæði, stór hluti þess sé innan vatnsverndarsvæðis vatnsbóls Hafnfirðinga og ekki sé gert ráð fyrir mannvirkjagerð umfram það sem orðið er á óbyggðum svæðum. Fram kemur í kafla 2.2.15 Verndarsvæði vegna grunnvatns- og strandmengunar og mengunar í ám og vötnum að komið hafi í ljós að afmörkun brunnsvæðis við Mygludali hafi verið ónákvæm og er gerð tillaga um að minnka brunnsvæði vatnsverndar þannig að Suðvesturlínur muni ekki liggja um það heldur um grannsvæði vatnsverndar vatnsbóls Hafnfirðinga. Fram kemur á bls. 54 í umhverfisskýrslu að breytingar á brunnsvæði við Mygludali geti mögulega haft neikvæð áhrif á vatnstöku þar og þar með öryggi til vatns. Af umfjölluninni má ráða að ekki sé ljóst hvort og þá hver áhrifin gætu verið. Í kafla 2.4 Veitur í greinargerð kemur fram að til að mæta aukinni vatnsþörf og auka öryggi í vatnsöflun sé stefnt að nýju vatnsbóli í Fagradal, sem er í lögsagnarumdæmi Grindavíkur. Orkuveita Reykjavíkur telur mikilvægt að varpað sé ljósi á það áður en skipulagstillagan verður samþykkt hver áhrif verði af breytingu á afmörkun brunnsvæðis við Mygludali. Fyrirtækið vekur athygli á að í umsögnum sínum við mat á umhverfisáhrifum Suðvesturlína og vegna endurskoðunar Aðalskipulags Kópavogs 2012-2013 koma fram athugasemdir við framkvæmdina vegna hættu á neikvæðum áhrifum á vatnsvernd, vatnsból og neysluvatn.

Í kafla 2 *Umhverfisáhrif aðalskipulags Hafnarfjarðar* í umhverfisskýrslu kemur fram á bls. 13 að ekki séu taldar miklar líkur á því að framkvæmdir og búseta á Valla-, Áslands- og Hamraneshverfum muni hafa neikvæð áhrif á grunnvatn á vatnsverndarsvæðinu þrátt fyrir að byggðin sé að færast í átt að vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins á skipulagstímanum, því stefna grunnvatnsstrauma sé til norðurs og vesturs. Á bls. 22 í sama kafla kemur fram að stefnt sé að því að efnistöku ljúki innan skamms í námunum við Óbrynnishóla og Undirhlíðar sem eru inni á vatnsverndarsvæðum. Orkuveita Reykjavíkur gerir ekki athugasemdir við þessa þætti.

Í umsögnum um skipulagsáætlanir á höfuðborgarsvæðinu, á málþingum og í fjölmöldum hefur Orkuveita Reykjavíkur vakið athygli á mikilvægi vatnsverndar á vatnsverndarsvæði höfuðborgarsvæðisins. Afstaða Orkuveitu Reykjavíkur er sú að stefna um vatnsvernd fyrir vatnsból í skipulagi feli í sér yfirlýsingum um að beina eigi frá slíkum svæðum þeim framkvæmdum og starfsemi sem getur mengað grunnvatn og vatnsból og/eða rýrt þá ímynd sem nauðsynleg er fyrir vatnsvernd og hollustu neysluvatns. Orkuveita Reykjavíkur bendir á mikilvægi þess að höfuðborgarbúar og atvinnustarfsemi á höfuðborgarsvæðinu njóti áfram aðgangs að neysluvatni sem þurfi ekki að meðhöndla á nokkurn hátt. Því telur fyrirtækið mikilvægt að í skipulagsáætlunum komi það fram að gæði ómeðhöndlaðs neysluvatns verði einn af mælikvörðum um gæði umhverfis.

Virðingarfyllst,

f.h. Orkuveitu Reykjavíkur



Hólmfríður Sigurðardóttir
Umhverfisstjóri



Inga Dóra Hrólfsdóttir
Framkvæmdastjóri Veitna

Afrit: Framkvæmdastjórn vatnsverndar á höfuðborgarsvæðinu, Heilbrigðiseftirlit Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, Heilbrigðiseftirlit Kjósarsvæðis, Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur og Skipulagsstofnun.